

## 34. pistill

### Ráðstefna um Alzheimer og skylda sjúkdóma –AD/PD 2022

Árlega eru haldnar þrjár stórar alþjóðlegar ráðstefnur um sjúkdóma sem valda heilabilun. Að auki er haldinn fjöldinn allur af minni ráðstefnum og málþingum. Ein af stóru ráðstefnunum þremur var haldin í Barcelona um miðjan mars; AD/PD ráðstefnan, en skammstöfunin stendur fyrir Alzheimer's Disease/Parkinson's Disease. Tæplega 3000 manns sóttu ráðstefnuna og er það góðs viti fyrir framtíðina hversu margt var af ungum vísindamönnum. Margar grunnrannsóknir á mólekúlum og dýratilraunum voru kynntar sem ef til vill koma síðar inn í stærri rannsóknir á sjúklingahópum en einnig voru margir fyrirlestrar um meðferðarrannsóknir.

Ekki er hægt að fylgjast með nema hluta af slíkri ráðstefnu því oft er margt að gerast í einu. Hér fylgja fáeinir fróðleiksmolar af gnæktarborði vísindanna.

- Árum saman hafa verið mæld ýmis prótein í blóði sem tengjast Alzheimer sjúkdómnum. Nú er komið að því að fara að nota þessar mælingar í greiningarferli. Vonir voru bundnar við að þessar mælingar gætu komið í stað mælinga úr mænuvökva en til að byrja með verður ekki svo því aðeins ein mæling verður í boði en ekki þrjár eins og nú er hægt að fá að lágmarki úr mænuvökva. Próteinið sem um ræðir (fosfo-tau-próteinið) breytist snemma í sjúkdómnum og nýtist því við greiningu á fyrstu stigum,
- Lyfjapróun hefur verið allt of hæg en aðeins er að birta til því meira var fjallað um lyfjatilraunir á þessari ráðstefnu en oftast áður sem er góðs viti. Líklegt er að 2-3 lyf sem hreinsa amyloid úr heila komist á markað á næstu árum en ennþá er ekki vitað hvaða árangri þau muni skila til lengri tíma. Til skemmri tíma virðast áhrifin ekki vera mikil. Allt of lengi hafa lyfjafyrirtæki verið með flest eggín í sömu körfunni, þ.e. rannsakað lyf sem hafa áhrif á sömu breytingar en þau lyf virðast ekki ætla að skila miklu. Núna er hins vegar horft í fleiri áttir og í framtíðinni verða líklega margvíslegar meðferðir í boði líkt og á við um aðra langvinna sjúkdóma.
- Meðferð með öðru en lyfjum var einnig rædd. Kynnt var meðferð með nokkurs konar stuttbylgjum sem beint er að heilanum í gegnum höfuðkúpuna. Það er ekki komin mikil reynsla á þetta og meðferðin hefur ekki hlotið mikið brautargengi en ástæða er til að fylgjast með og mun einhver pistla ársins fjalla nánar um þessa tækni.
- Þekkingu á Lewy sjúkdómnum miðar hægt áfram. Það hefur lengi verið vandi að greina hann á ábyggilegan hátt og hefur það staðið meðferðarrannsóknnum fyrir þrifum en það virðist vera að breytast. Bæði heilalínurit og jáeindaskönnun með sérstökum ísótópum virðast auka nákvæmni í greiningum. Hvað meðferð varðar er ekki mikið nýtt að fréttu en þó eru bundnar vonir við að lyf sem þróuð eru við Parkinson sjúkdómi

geti hjálpað en þetta eru náskyldir sjúkdómar. Einnig er töluverð gróska í genalækningum í þessum sjúkdómum og er bæði verið að rannsaka beinar lækningar með flutningi á genum í sjúklinga og óbeinar með því að gefa lyf sem örva stofnfrumur sem geti komið í stað sýktra fruma. Þetta hljómar eins og vísindaskáldsaga en er þó að raungerast.

Í lok ársins verður ráðstefnan CTAD-2022 haldin í Bandaríkjunum en á henni er mest áhersla á meðferðarrannsóknir. Þá verða kynntar niðurstöður stórra rannsókna sem nú eru á lokametrunum. Greint verður frá þeirri ráðstefnu á þessum vettvangi þegar þar að kemur.